Fundargerð 08.05.26

Fisksjúkdómanefnd

Skipulag:

Fundarboðandi:	Jón Kolbeinn Jónsson	*Fundarstaður:*	Teams
Fundarstjóri:	Þóra J. Jónasdóttir	*Dagsetning:*	08. maí 2026
Fundarritari:	Þóra J. Jónasdóttir	*Fundartími:*	11.30-12.50

Fjarverandi:

Þátttakendur: Þóra J. Jónasdóttir (yfirdýralæknir og formaður Fisksjúkdómanefndar), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson og Rakel Guðmundsdóttir (f.h. Hafrannsóknarstofnunar) og Jón Kolbeinn Jónsson og Hulda Soffía Jónasdóttir (sérgreinadýralæknar/sérfræðingur fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun)

Dagskrá:

Umsókn frá Arnarlax um að meðhöndla hluta af kvíum á eldissvæðið að Eyri í Patreksfirði með Alpha Max

Umræða:

Rekstraraðili hefur orðið var við vaxandi fjölda kynþroska lúsa á eldisfiski að Eyri. Spilar þar trúlega inn óvenjulega hátt hitastig í sjó framan af vetri, sem hefur valdið hagstæðum skilyrðum fyrir lýsnar þrátt fyrir aðgerðir rekstrarleyfishafa til að halda þeim í skefjum síðasta haust með hrognkelsum, mekanískri aflúsun og Salmosan vet lyfjaböðun. Út frá velferð eldisfiska er mikilvægt að kvenkyns laxalús sé haldið í lágmarki með hækkandi hitastigi sjávar til að halda smitálagi sem minnstu í byrjun lúsatímabilsins. Slíkt er einnig æskilegt með tilliti til villtra fiskistofna, vegna göngu þeirra til sjávar á vormánuðum. Ekki er talið æskilegt að beita mekanískum aðferðum við fækkun lúsa á eldisfisk fyrr en hitastig sjávar hefur náð lágmarksviðmiði. Leiser er notaður á nokkrum stöðvum í firðinum, en ekki öllum kvíum þar sem framboð á leisertækjum nær ekki að halda í við eftirspurn. Lyfjanæmnisprófun sýnir að næmni fyrir lyfjameðhöndlun er skert, en talið er að aukinn styrkur lyfs geti gefið betri árangur en næmnispróf segi til um. Fram kom að eingöngu er boðið upp á næmispróf með lyfjaskammti sem fer samkvæmt skráningu lyfs.

Niðurstaða:

Fisksjúkdómanefnd hefur áhyggur af þróun mála hvað varðar lús á komandi sumri. Fisksjúkdómanefnd veitir jákvæða umsögn um að lyfjameðhöndlun með Alpha Max verði heimiluð samkvæmt umsókn. Nefndin mælir með að lyfjanæmnisprófun verði framvegis í samræmi við fyrirhugaða lyfjameðhöndlun, bæði hvað varðar styrk lyfs og meðhöndlunartíma ef kostur er á.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi var slitið kl 12.50